

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Dalvíkurbyggðar, nr. 408/2022, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 47. gr. samþykktarinnar:

Við C-lið bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

19. *Umdæmisráð barnaverndar*. Samkvæmt samningi um rekstur umdæmisráðs landsbyggða skipa aðildarsveitarfélögin fimm manna valnefnd sem fer með umboð sveitarfélaganna til skipunar í umdæmisráð barnaverndar. Skipunartími umdæmisráðs er fimm ár.
20. *Barnaverndarþjónusta Eyjafjarðar*. Samkvæmt samningi um rekstur barnaverndarþjónustu Eyjafjarðar fer Akureyrarbær með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem ekki eru falin öðrum.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 18. apríl 2023.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.